

Flugslýsaæfing Gjögurflugvöllur 2015

Lokaskýrsla



Flugslysaæfing verður á Gjögurflugvelli 18.apríl 2015.



Flugslysaæfingin Gjögur 2015-Dagskrá

Föstudagur 17.apríl

Í félagsheimilinu

Kl. 19:30

- Æfingin sett.
- Kynning á æfingarsviði.
- Sjúkman á vettvangi
- Skyndhjálp, umönnun slasaðra, mat á stöðum.
- Kaffihúsið.
- Bráðfallfökkun, bætt um sjúklinga/hvað er í sjúkrakassanum, frágangur á börur.
- Verklegar æfingar í fyrsta hjálpi.

Áætlað að ljúka æfingum um kl.22:00

Laugardagur 18.apríl

Í félagsheimilinu

• Kl. 08:15

Komití að stýri. Verklegar æfingar og sjálf hvað skali gera hverju sinni.

- Kaffihúsið.
- Förlun sjúklinga.

• Kl. 12:00 (í Flugvelli)

- Æfingin hefst.
- Æfinga ljúkur.

Þegar æfinga ljúkur fara allir í félagsheimilið og fá sér frönskings. Síðan verður ferð yfir gang æfingartúrur og nætt um hvað vel fór og miðu. Í framhaldi af því verður æfingarni stöð. Það gæð verði í lög um kl. 15:00



Hverjir eiga að mæta ?

Í flugslysaáætlun fyrir Gjögurflugvöll stendur:

Vegna aðstæðna í Árneshreppi er nauðsynlegt að virkja alla þá sem að liði geta komið. Komi til flugslyss mun Neyðarlínan senda öllum íbúum boð um það með SMS í farsíma.

Æfingin og undirbúningsfræðsla er því fyrir alla þá sem telja sig geta komið að gagni við slíkan atburð.



Flugslysaæfingin á Gjögurflugvelli 17-18.apríl 2015.

Upplýsingar.

- **Fyrir hverja er fræðslan í félagsheimilinu seinnipart föstudags og laugardagsmorgun:**
Samkvæmt flugslysaáætlun fyrir Gjögurflugvöll þá boðar Neyðarlínan (112) meðal annars alla „vopnfæra“ íbúa á svæðinu til að taka þátt í björgunarstörfum. Það eru því allir velkomnir og hvattir til þess að mæta á fræðsluna.
- **Hvað verður kennt ?**
Það verður meðal annars farið í skyndihjálp, hvernig meta á áverka á slösuðum, búnar verða til léttar æfingar til að þjálfa fólk, hættur á vettvangi, hvað á að gera á slysavettvangi og fleira sem gagnast fólki á æfingunni sjálfri jafnt og í daglega lífinu.
- **Mæta hvar og hvenær ?**
Fræðslan hefst klukkan 19:30 í félagsheimilinu og líkur í kring um kl 22:00. Við mætum síðan aftur klukkan 09:15 á laugardagsmorguninn í félagsheimilinu og fáum frekari fræðslu. Þegar klukkan nálgast tólf þá förum við út á flugvöll og bíðum þar eftir að æfingin hefjist.
- **Veitingar ?**
Til þess að tíminn nýtist sem best þá verðum við með snarl og kaffi á föstudeginum fyrir þá sem mæta í fræðsluna í félagsheimilinu og einnig með súpu og kaffi í félagsheimilinu á fundinum sem þar verður haldinn strax að æfingu lokinni.
- **Hvernig gengur æfingin fyrir sig ?**
Kveikt verður í „flaki“ flugvélar. Sveindís, okkar kona í turninum bregst við og tilkynnir Neyðarlínunni í Reykjavík með Tetratalstöð hvað gerst hafi. Hún fer síðan í slökkvigalla, fer á slökkvibíl að „slystaðnum“ og slekkur elda. Nú koma allir þeir sem ætla að taka þátt í æfingunni og taka með sér börur, teppi og annan búnað. Allir sameinast í að finna slasaða, hlú að þeim, ganga frá þeim á börur, flytja í flugstöð (kallað *söfnunarsvæði slasaðra*) þar sem þeir slösuðu verða skoðaðir frekar og hlúð að þeim eftir bestu getu og þegar ekki er hægt að gera meira fyrir þá, þá verður gert hlé á æfingunni og farið í félagsheimilið.
- **Hvað gerist í félagsheimilinu eftir æfinguna?**
Við byrjum á því að fá okkur súpu, kaffi og brauð. Síðan ræðum við saman um það hvernig æfingin gekk fyrir sig. Hvað gekk vel og hvað gekk ekki vel. Hvað getum við gert öðruvísi, hvað vantar okkur og annað sem upp kanna koma og varðar æfinguna. Þegar allir hafa sagt sitt og rætt málin þá verður æfingunni slitið.



Þessi skýrsla er gefin út af Isavia ohf. Umsjónarmaður með útgáfu þessarar skýrslu er Bjarni Sighvatsson
bjarni.sighvatsson@isavia.is

Ljósmyndir:

BS er Bjarni Sighvatsson.

sigósig er Sigurður Ólafur Sigurðsson ljósmyndari sjá
www.sigosig.is eða photocompany.is á netinu.

Flugslýsaæfingin – Gjögur 2015

Föstudagur 17.apríl

Í félagsheimilinu

Kl. 19:30

- Æfingin sett.
- Kynning á æfingunni. *Bjarni Sighv.*
- Stjórnun á vettvangi *Ágúst Svansson*
- Tetra. *Elva B. Björnsdóttir*
- Skyndihjálpar, umönnun slasaðra, mat á slösuðum. Lífsbjargandi aðstoð. *Guðrún Lísbet*
- Kaffihlé.
- Bráðaflokkun, búið um sjúklinga/hvað er í sjúkrakassanum, frágangur á börur. *Guðrún Lísbet með aðstoð okkar. Pósta kennsla að hluta.*
- Verklegar æfingar í fyrstu hjálpar. *Étv. 2-3 verkefni þar sem reynir á mat á aðstæðum og áverkum og umbúnað, auk stjórnunar.*

Áætlað að ljúka æfingum um kl.22:00

Laugardagur 18.apríl.

Í félagsheimilinu

• Kl. 09:15

Komið að slysi. Verklegar æfingar og spjall hvað skuli gera hverju sinni. *Setja upp verkefni sem 2-3 leysa en restin fylgist með. Fólki leiðbeint meðlausnir. Búa til 1-2 „smáslys“ þar sem reynir á samvinnu og stjórnun.*

- Kaffihlé.
- Haldið áfram með æfingar / Fórðun sjúklinga.
- Kl. 12:00 (á flugvelli) - Æfingin hefst.
- Þegar allir þolendur eru komnir í hús þá líkur æfingarþættinum.
- Rýnifundur og kaffi í félagsheimili.
- Æfingu lýkur. *Fulltrúi lögreglustjóra, Jónas Sigurðs.*

Þegar æfingu líkur fara allir í félagsheimili og fá sér hressingu. Síðan verður farið yfir gang æfingarinnar og rætt um hvað vel fór og miður. Í framhaldi af því verður æfingunni slitið. Það gæti verið í kring um kl. 15:00



Flugslysaæfingin Gjögur 2015.

Um æfinguna.

Samkvæmt alþjóðakröfum skal halda stóra æfingu á alþjóðaflugvöllum með reglulegu millibili. Þá eru aðeins gerðar kröfur til þess að það afl sem tiltækt er innan vallar sé notað í slíkar æfingar. Isavia ákvað fyrir mörgum árum að útvíkka þessar kröfur til allra áætlunarflugvalla á Íslandi. En í ljósi smæðar flestra flugvalla var strax ljóst að yrði flugslys þá mætti það sín lítils það afl sem til staðar á mörgum flugvöllum landsins, stundum einn starfsmaður og stundum tveir. Það yrði því í ljósi þess hve alvarleg slys væru hugsanleg í flugi og einnig fjöldi farþega að útvíkka viðbragð við flugslysi og nú verður slíkur atburður sjálfkrafa almannavarnarviðburður þar sem öllu er til tjaldað í viðbragði. Betra er of en van þegar flugslys eru annars vegar og auðveldara að stöðva viðbragðsaðila eða kalla til baka reynist ekki þörf á fullu viðbragði.

Á Gjögurflugvelli eru aðstæður að því leiti sérstæðar að það er langt í viðbragð utanaðkomandi aðila. Og þar sem við erum að æfa fyrstu viðbrögð sem óhjákvæmilega myndu lenda á heimamönnum þá hefur ekki verið farið í að láta utanaðkomandi viðbragðshópa mæta á æfingar á Gjögri. Verði slys á Gjögurflugvelli eða í hreppnum þá verður að treysta á heimamenn og þá hjálp sem kanna að vera til staðar í gestkomandi fólki. Það mun í besta falli líða klukkutími þar til utanaðkomandi aðstoð berst eða mun lengri tími þegar ófært er landleiðina.

Fyrir alla áætlunarflugvelli hefur verið gerð viðbragðsáætlun, flugslysaáætlun, sem inniheldur viðbragðsáætlun/verkefnaferil fyrir heimamenn og utanaðkomandi viðbragðsaðila. Það er mjög æskilegt að þú kynnist þér þessa áætlun. Hana er að finna á vef Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra undir ***almannavarnir.is*** ***Viðbragðsáætlanir Séráætlanir***. Á útkallsskrá Neyðarlínunnar (112) eru flestir íbúar Árneshrepps. Komi til flugslyss mun Neyðarlínan senda SMS skilaboð í alla GSM síma á svæðinu og tilkynna um aðli atburðarins og nánari upplýsingar. Með því að lesa Flugslysaáætlunina sérðu hvernig viðbragðskerfið virkar og hvert viðbragð þitt og verkefni ætti að verða í slíku slysi.

Kynning.

Að jafnaði halda fulltrúi Isavia og Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra fund á þeim stað sem æfingu á að halda nokkru fyrir æfinguna. Í samtali við heimamenn kom fram að ekki ver talin nauðsyn á því að þessu sinni. Veggspjald var prentað og sent á afgreiðslu á flugvelli og í verslunina á Norðurfirði til dreifingar til heimamanna. Þar var mynnt á æfinguna og æfingartímann.

Boðunarpróf.

Í aðdraganda allra flugslysaæfinga framkvæmir Neyðarlínan boðunarpróf með því að senda öllum sem forskráðir eru sem viðbragðsaðilar, SMS boð í farsíma. Þetta er gert til þess að sannreyna að þeir fái boð sem eiga að fá þau. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að útkallslistar úreldast, fólk flytur milli staða og kaupir nýja síma og skiptir um númer. Þessar upplýsingar berast Neyðarlínunni alls ekki alltaf og því geta orðið allmiklar breytingar á útkallslista milli æfinga. Hafi einhver sem taldi að hann hefði átt að fá SMS skilaboð ekki fengið þau á miðvikudeginum fyrir æfinguna þá vinsamlega sendu upplýsingar um það til bjarni.sighvatsson@isavia.is og þá verður

útkallslistinn lagfærður. Og hverjir eru á útkallslista í Árneshreppi ef til flugslyss kemur? Allir þeir sem telja sig geta gert gagn og hjálpað til og hafa aldur og getu til að bera.

Undirbúningur.

Undirbúningur æfingarinnar hófst samkvæmt dagskrá um hálf átta leitið á föstudeginum 17.apríl. Allir í hreppnum voru boðaðir. Á dagskránni var setning æfingarinnar af umdæmisstjóra Isavia á Vestfjörðum, Arnóri Magnússyni og síðan hófst kynning á æfingunni, fræðsla um stjórnun á vettvangi, skyndihjálparfræðsla, bráðaflokkun og verklegar æfingar. Dagskránni lauk uppúr kl.22:00. Morguninn eftir þann 18.apríl hófst dagskráin uppúr klukkan níu.

Áfram var haldið með kennslu í skyndihjálp og verklegum æfingum. Þetta var allt með líku sniði og á þeim tveimur æfingum sem haldnar hafa verið áður á Gjögurflugvelli.

Æfingin sjálf.

Veðurspáin hafði verið vægast sagt döpur daganna fyrir æfinguna. En þegar leið á morguninn æfingardagsins róaðist veðrið heldur. Við höfðum áætlað að hafa alla sjúklinga í vélageymslunni en þar sem vind hafði lægt nokkuð var hægt að dreifa þeim „slösuðu“ í kring um byggingar. Við það að dreifa vettvangi dálítið var aðeins erfiðara fyrir stjórnendur að hafa yfirsýn sem var bara betra æfingarlega. Við vorum með sjö sjúklinga sem allir höfðu verið farðaðir og útbúnir áverkalýsingu. Það verður að segjast að vinnubrögðin á vettvangi voru fagmannleg og fumlaus. Sjö slasaðir eru heilmikið álag á viðbragðsþjónustu í meðal sveitarfélagi en er risaverkefni við aðstæður á Gjögri. Engu að síður var farið eftir bókinni. Sjúklingar voru skoðaðir og lífsmörk tekin, þeir fluttir í flugstöð og þar var fylgst rækilega með hverjum og einum og haldið áfram að fylgjast með lífsmörkum og almennri líðan. Vettvangsstjóri var ákveðin í sinni vinnu og hafði góða stjórn.

Að lokinni æfingunni á flugvelli var farið aftur í félagsheimilið og þar beið þessi fína súpa, brauð og kaffi.

Um leið og menn höfðu snætt var rýnifundur. Tilgangur hans er að ræða um það sem vel hafði farið á æfingunni og ekki síður það sem misfarist hafði. Hljóðupptaka af fundinum var ónothæf og því ekki hægt að vitna í mál manna. Farið var yfir málin og þau rædd. Ekkert stórvægilegt hafði farið úrskaiðis en stjórnendur æfingarinnar lýstu ánægju sinni með vinnubrögð heimamanna og töldu þau hafa tekið framförum frá síðustu æfingu.

Þegar allir höfðu fengið að tjá sig um æfinguna þá sleit fulltrúi lögreglustjórans á Vesturlandi, Jónas Sigurðsson yfirlögrelupjónn á Patreksfirði æfingunni. Þar með lauk æfingu sem menn voru ágætlega sáttir við.

Þátttaka.

Þótt ég geti ekki vísað til höfðatölu síðustu æfingar þá hef ég á tilfinningunni að þátttakan hafi verið eitthvað minni núna en fyrir fjórum árum. Ekki fékk ég skýringu á af hverju. Á veggspjaldi sem dreift var fyrir æfinguna kom fram að allir þeir sem á annað borð treystu sé til væru boðaðir á æfinguna. Kannski er sú ástæðan. En rétt er að taka fram að þótt þátttakan hafi verið eitthvað minni þá varð árangurinn góður. Nýtt fólk með grunn í björgunarstarfi og faglegra reynslu ýtir undir það sem fyrir er og því varð árangurinn jafn góður og raun bar vitni.

Leikarar.

Eins og á síðustu æfingu þá vorum við með sjö unglinga sem léku sjúklinga. Tveir voru heimamenn en hinir líkt og síðast komu frá Hólmavík og Drangnesi. Engin æfing er haldin án sjúklinga. Ég vil því nota tækifærið til þess að þakka bæði þeim sem útveguðu okkur ungmenni til þess að leika og ekki síður þeim sem lögðu það á sig að ferðast á Gjögur til þess að taka þátt. Bestu þakkir.

Árangur.

Í stuttu máli gekk æfingin ágætlega. Enginn fer í grafgötur með það að það yrði gífurlegt álag fyrir heimamenn þyrftu þeir að standa andspænis slíku verkefni. En æfingin snýst ekki um það hvort lítið samfélag gæti gert kraftaverk við svona aðstæður heldur að menn snúi bökum saman og reyni hvað þeir geta til þess að bjarga því sem hægt er miðað við aðstæður. Enginn ætlast til að meira sé gert en að hver geri sitt besta. Þeir sem gáfu sér tíma til þess að taka þátt í þessari æfingu eru án nokkurs vafa hæfari en áður til þess að mæta slíkum erfiðleikum.

Fyrir hönd þeirra ráðgjafa sem komu á æfinguna vil ég þakka þátttakendum góða æfingu og ánægjuleg viðkynni.

Bestu kveðjur frá okkur.

Bjarni Sighvatsson æfingastjóri.



Flugslýsaæfing Gjögur 2015 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Leikarar og förðun	Vigdís Agnarsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
ISAVIA

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Í Leikaramiðstöð, á vettvangi og í SSS.


4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

--

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

--



4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur fyrir þennan þátt æfingarinnar var vel á veg kominn þegar við komum norður. Búið var að útvega fólk til að leika sjúklinga. Aðeins tveir af þeim komu frá Árneshreppi þannig að leikar kynning var ekki haldin á föstudagskvöldið en í stað þess tóku hinir ungu leikarar fullan þátt í æfingaprógrammi kvöldsins.

Leikarar komu 3 frá Hólmavík, 2 frá Drangnesi og 2 frá Árneshreppi. Ég tel að í ljósi þess hve sveitarfélagið er fámennt þá er nauðsynlegt á svona æfingu að fá leikara annarsstaðar frá. Við erum mjög þakklát Úlfari á Hólmavík fyrir að gefa sér tíma í að koma með unga fólknið og taka þátt í æfingunni sem sjúklingur.

Leikarar voru sem sagt 7, þau stóðu sig einstaklega vel og spiluðu sitt hlutverk mjög vel. Þau fengu fræðslu um hlutverkið jafnóðum og ég setti á þau áverka. Leikarar voru mjög ánægðir með æfinguna og fannst mjög skemmtilegt að taka þátt. Veðurspáin bauð ekki upp á gott veður og við vorum því búin að undirbúa okkur undir kulda og hvassviðri. Það slapp þó til en vegna hvassviðris var ákveðið að nota svæðið í kringum skemmuna sem slysstað en ekki brautarendann. Leikarar voru ánægðir með björgunarmenn og sögðu að það hefði verið farið vel með þau.

Kærar þakkir til Ingvars Bjarnasonar, Sigrúnar Sverris og allra hinna sem hjálpuðu til.

Takk fyrir okkur.

Vigdís Agnarsdóttir.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis



Flugslysaæfing (Gjögur-17.apríl 2015)- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Sjúkrahjálp	Guðrún Lísbet Níelsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Heimamenn

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á vettvangi og á SSS

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
--



Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ekki skýrt hvort hafði haft samband utan umdæmis eða ekki, hvort eða hvenær von væri á aðstoð

Eins var ekki ljóst hver myndi sinna fjarskiptum ef um raunverulegan atburð væri að ræða, gríðarlega mikilvægt að koma áreiðanlegum upplýsingum áfram og slíkt áreiti yrði mjög mikið.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Um er að ræða lítið sveitarfélag sem hefur úr takmörkuðum björgum að moða og í því liggja helstu veikleikarnir. Æfingin sjálf gekk með ágætum eins langt og hún náði.



4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fólk var jákvætt og áhugasamt á fræðslu. Reynt að stíla fræðslu á praktíska hluti og held ég að hún hafi skilast eins og best er á kosið.

Jákvætt skref: Skráning fleiri sjálfvirka stuðtækja (AED) á svæðinu og boðunaráætlun fyrir þau. Þetta er eitthvað sem eykur öryggi sveitunga og gæti nýst vel við margs konar aðstæður.

Vel var tekið þátt í „leikritinu“, tóku t.d. lífsmörk rétt og ekki að stytta sér leið með þetta.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Yfirvegum bæði á vettvangi og á SSS var áberandi. Ekkert paník, einbeiting í að gera vel en frekar en að flýta sér. Höfðu hugsun á að leita að þessum sem var ráfandi.

Vel var hugsað um grunnþarfir sjúklinga. Hugsað var um að halda hita á þeim og teppi voru afar vel nýtt.

Nærvera og hughreysting til fyrirmyndar

Samheldni íbúa áberandi.

Spelkun og umbúðir vorum til fyrirmyndar. Hugsað út fyrir kassann og nýtt það sem var til, gaman að sjá þetta gert svona vel.

Aðhlyningarstjóri hélt mjög góðri yfirsýn á SSS. Hennar framlag skilaði sér í yfirvegum á SSS. Gerð var gróf áverkaskoðun við komu á SSS. Ekki var lögð áhersla á framkvæmd áverkamats í aðdraganda æfingarinnar en þekkingin og hæfnin er vissulega til staðar, hafa þetta tól í farteskinu ef nauðsyn krefur.

Sérstaklega markvert hvað yngsta kynslóðin af björgunarmönnum stóð sig vel. Þau stóðu sig frábærlega, bæði tvö, greinilegt að framtíðin er björt.

